

# MOSFELLINGUR

13. tbl. 5. árg. föstudagur 29. september 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Eldurinn kviknaði út frá hitablásara í ónýttu rými á lofti skólans þar sem óregluþólk hefur haldið til

## Bæli á lofti Varmárskóla



Eldur kom upp í Varmárskóla þann 15. september. Óregluþólk hafði hreiðrað um sig á lofti skólans og eldinn má rekja til hitablásara sem fólkíð hafði notað. Kveikt var í á sama stað fyrir sjö árum. Nánar á bls. 4

Ljós. Hilmar

### EIGN VIKUNNAR

\*NÝTT Á SKRÁ\*



### Dalsgarður II

Vorum að fá 162,5 m<sup>2</sup> einbýlishús með stórum bílskúr í Mosfellsdalnum til sölu. Mögulegt er að byggja hesthús á lóðinni. Verð kr. 38,9 m.

Kjarna,  
Pverholti 2  
Mosfellsbæ

**586 8080**

[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)




Sjá nánar á bls. 3

**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested  
Löggiltur fasteignasali



Gott úrval af góðum braudum

## RÉTTINGAVERKSTÆÐI

*Jóns B. ehf*

Flugumýri 2 Mosfellsbæ  
Símar: 566 7660 og 697 7685  
[jonrett@internet.is](mailto:jonrett@internet.is)



Vottað verkstæði

**CABAS**  
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



# MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is  
www.mosfellingur.is

**Útgefandi:** Mosfellingur ehf.  
Álafossvégi 18, sími: 694-6426  
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**  
Hilmar Gunnarsson  
**Blaðamaður:** Ágúst B. Linn  
**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur ehf.  
**Próförk:** Hjördís Kvaran Einarsdóttir  
**Ljósmyndari:** Magnús Már Haraldsson  
**Prentun:** Prentmet, prentað í 3300 eintökum og dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós.


**Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.**

## Ólíðandi skemmdarverk

Óvenjumikið hefur verið um þjófnaði og skemmdarverk í bæjarfélaginu upp á síðkastið. Mikið hefur verið haft samband við



blaðið sökum þess. Sérstaklega hefur borið á stuldi hjóla og skemmdum á þeim. Höfum augun opin og stoppum þessa óþokka sem í hlut eiga.



Forvarnadagurinn var haldinn í gær og vonandi að foreldrar setjist niður með börnum sínum í kjölfarið og verði meðvituð um hvað þau eru að sýsla.

Börn og starfsfólk Varmárskóla á hrós skilið fyrir viðbrögð við brunanum þar fyrir í mánuðinum. Sjálfur hefur maður oft látið brunabjöllurnar sem vind um eyru þjóta.

Að lokum langar mig að koma á framfæri bestu þökkum til Harðarfélaga fyrir frábæran reiðtúr um daginn og glæsilegar veitingar.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



www.isfugli.is

## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Ragnheiður bæjarstjóri var kennari í Gagnfræðaskólanum og hún og nemendurnir voru 20 árum yngri en þau eru í dag. Á myndinni, sem er tekin 1986, má sjá 9. RR og í vor hélt þessi bekkur mikið reunion í Hlégarði ásamt félögum sínum úr árganginum.

**Aftasta röð** f.v.: Hrafnkell Kárason, Hjalti Skúlason, Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson, Tryggvi Scheving og Þórður Magnússon.

**Miðröð** f.v.: Fríða Rún Þórðardóttir, Guðrún Gunnlaugsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Andrea Axelsdóttir, Ragnheiður Árnadóttir og Ragnheiður Ríkhardsdóttir.

**Fremsta röð** f.v.: Bjarni Sveinbjörn Guðmundsson, Ólafur Hólm Einarsson, Stefán Jóhannsson, Pétur Kr. Þorgrímsson, Björgvin Sævarsson, Gunnlaugur Gunnlaugsson,



## FERMINGARMYNDIN hennar Guðrúnar

Nafn: Guðrún Esther Árnadóttir skólaritari yngri deildar Varmárskóla. „Ég fermdist í Fríkirkjunni í Reykjavík 25. apríl 1953 og prestur var séra Óskar Þorláksson. Þá voru fermingarföt og eftirfermingarföt fyrir stúlkurnar. Þær fermdust í síðum kjólum og var minn tvöfalður með undirkjól úr tafti og blúndu yfir. Síðan þurfti eftirfermingarföt og mín voru vatterað pils og nælonblússa með blúndukoti undir. Ég man að þegar ég var komin í kjólinn segir bróðir minn: „Það sést í gegnum kjólinn!“ Þetta varð til þess að finna varð undirkjól því ekki ætlaði ég að ganga inn kirkjugólfíð í gegnsæjum kjól! Allt gekk þetta samt vel. Fermingargjöfin frá foreldrunum var gullúr og veisla var haldin heima með fjölskyldunni. Þetta vor var í síðasta skipti sem þurfti tvennan fatnað því um haustið komu kirtlarnir í fyrsta sinn og eru enn.“



## HÉÐAN OG ÞAÐAN





**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**

**Kjarna, Þverholti 2  
Mosfellsbæ**

[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)  
**Sími: 586 8080**

**EINAR PÁLL KJÆRNESTED**  
Löggiltur fasteignasali

**Blikahöfði – 77 m<sup>2</sup>.**



Flott 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í mjög góðu 3ja hæða fjölbýli með opnum stigagang. Íbúðin er sérstaklega rúmgóð og fallegt útsýni er til suðvesturs. Mahony innréttingar og parket á gólfum.  
**Verð kr. 19,2 m.**

**Tröllateigur – 4ra herbergja**




**\*NÝTT Á SKRÁ\*** Vorum að fá 111,7 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli neðst í Tröllateignum í nýju húsi. Íbúðin er mjög björt og rúmgóð enda loft upptekin og halogenlýsing í stofu, eldhúsi og holi. 3 rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, sér þvottahús, eldhús m/borðkrók og björt stofa. Mjög fallegt útsýni til norðurs af svölum.  
**Verð kr. 25,9 m.**

**Klapparhlíð 20 – 3ja herb.  
OPIÐ HÚS**



Björt og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli á vestursvæði Mosfellsbæjar. Nýr grunnskóli í leikskóli og sundlaug eru 3 mínútna göngufjarlægð. Tvö góð svefnherbergi, baðherbergi m/kari, geymsla inni í íbúð sem nýst getur sem vinnuherbergi, fallegt eldhús og björt stofa. Ásett verð upphaflega 19,9 m. – verð nú 18,9 m.  
**\*\*Verð nú kr. 18,9 m.\*\***

**Furubyggð – 166,3 m<sup>2</sup> endaraðhús**




Erum með stórt og rúmgott endaraðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs. Stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og gestasalarni á jarðhæð, 3 svefnherbergi, baðherbergi og TV-hol á 2. hæð og stórt risherbergi. Stórar svalir í suðaustur, afgirt timburverönd út frá stofu og stórt hellulagt bílaplan. Þetta er falleg eign í grónu og fríðsælu hverfi í Mosfellsbæ.  
**\*Verð kr. 35,9 m.\***

**Tröllateigur – 167,1 m<sup>2</sup> endaraðhús**



167,1 m<sup>2</sup> endaraðhús á tveimur hæðum í nýbyggðu hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Á jarðhæð eru stofa, borðstofa, eldhús, gestasalarni og bílskúr, en á 2. hæð eru 3 góð svefnherbergi, vinnuherbergi, þvottahús og stórt baðherbergi. Flísar og bambusparket á gólf og fallagar innréttingar í eldhúsi og baði. Áhvilandi kr. 27,0 milljónir með 4,15-4,2% vöxtum  
**\*\*Verð nú kr. 39,9 m.\*\***

**Arnartangi – 174,2 m<sup>2</sup> einbýlishús**



Mjög fallegt og aðlaðandi 138,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt 35,6 m<sup>2</sup> bílskúr á mjög fallegri hornlóð með timburveröndum. Þetta er hentugt skipulag, svefnherbergi eru aðskilin frá stofu og borðstofu og eldhús tengt svefnálmú. Stórt hellulagt bílaplan fyrir framarráðgjafi og tvær timburverandi í suðurátt.  
**Verð kr. 39,9 m.**  
**Opið hús verður á sunnudaginn nk. á milli kl. 16 og 17.**

**Hlíðarárs – 408 m<sup>2</sup> tækifæri**



Til sölu eitt stærsta einbýlishúsið í Mosfellsbæ. Húsið er samtals 408 m<sup>2</sup> á tveimur hæðum, með tvöföldum bílskúr. Húsið býður upp á mikla möguleika, m.a. væri hægt að innrétta 2-3 íbúðarrými (ósamþykkt) á neðri hæð, og halda eftir stórrí efrí sérhæð með bílskúr. Húsið stendur neðst í Áshverfinu með miklu útsýni til suðvesturs, út á Leirvoginn og að Esjunni. Verð 139.700 kr. pr. m<sup>2</sup>. **Verð kr. 57,0 m.**

**Klapparhlíð – Lúxusíbúð f/50 ára og eldri**



Erum með mjög glæsilega 119,3 m<sup>2</sup> lúxusíbúð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin sem er glæsileg í alla staði, innréttingar spónlagðar með liggjandi hnotu, hvítar flísar á gólfum með marmaraáferð, baðherbergi sturtuklefa og mjög stór og björt stofa og borðstofa. Íbúðinni fylgir bílastæði í bílakjallara. Þetta er eign fyrir vandláta.  
**Verð kr. 36,9 m.**

**Skeljatangi – 4ra herb.**



Falleg 94,2 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð í litlu fjörbýlishúsi á fallegum stað í Skeljatanga. Þrjú góð svefnherbergi, eldhús, stofa, flísalagt baðherbergi og þvottahús. Sameiginleg lóð til fyrirmýringu og lítið barnaleiksvæði í augnsýn. Lágafelsskóli og leikskólinn Hulduberg eru rétt hjá og því tilvalin eign fyrir barnafjölskyldu. Laus strax.  
**Verð kr. 22,9 m.**

**Rituhöfði – 189 m<sup>2</sup> parhús**



Þetta er mjög flott og vandað parhús í botnlangagötu við Rituhöfða í Mosfellsbæ. Stór og rúmgóð stofa, eldhús með glæsilegri innréttingu, 4 svefnherbergi, baðherbergi m/hornbaðkari og vatnsgefursturtuklefa. Þetta vel skipulagt hús með mikið stofurými og góða lofthæð. Falleg gata með einbýlis- og parhúsum.  
**Verð kr. 43,9 m.**

**Furubyggð – 107 m<sup>2</sup> endaraðhús**



107,2 m<sup>2</sup> endaraðhús með stórum suðurgarði í fallegri og gróinni götu. Í húsinu eru tvö rúmgóð svefnherbergi, flísalagt baðherbergi m/kari og sturtu, eldhús m/borðkrók og stór stofa og sólstofa (nú notuð sem 3ja svefnherbergi). Hellulagt bílaplan með snjóbærðslu og stór og skjótsæll suðurgarður.  
**Verð kr. 28,9 m.**

**Blikahöfði – 3ja herb + bílsk**



Falleg og vel skipulögð 84,6 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 29,2 m<sup>2</sup> bílskúr í góðu fjölbýlishúsi við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Björt stofa, eldhús með kirsuberja innréttingu, sér þvottahús, sjónvarpshol, 2 herbergi og baðherbergi m/kari. Bílskúrin er draumur dótakarlínsins.  
**Verð kr. 22,8 m.**

**Grenibyggð – 164 m<sup>2</sup> raðhús**



Fallegt raðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs í grónu og fríðsælu hverfi í Mosfellsbæ. Stofa, borðstofa, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og sjónvarpshol á 2. hæð og opið risherbergi. Opnar svalir í suðvestur/norðvestur, ílleg thæð, 3 önd í suðvestur út frá stofu og gott hellulagt bílaplan. Húsið er nýmálað að utan.  
**\*\*Verð kr. 37,2 m.\*\***



## Rútuferðir í Borgarholtsskóla

Á fundi bæjarráðs var samþykkt að hefja morgunakstur í Borgarholtsskóla og nýta þar með nýja tengibraut sem opnuð var á vordögum inn í Grafarvog. Með tilkomu þessarar brautar stýttist vegalengd í Borgarholtsskóla mikið en þar sem ekki er nein leið hjá Strætó, sem fer þarna á milli, var ákveðið að hrinda af stað tilraun með akstur þar á milli. Fyrsta ferðin var 19. september og fer vagninn frá Reykjavegi kl. 7.45, Háholti kl. 7.49 og hjá stoppistöð Strætó við Lágafellsskóla kl. 7.53.

## Kjölnur fær nýjan björgunarbát

Björgunarsveitin Kjölur á Kjalarnesi hefur fjárfest í nýjum björgunarbát og er von á honum til landsins í október. Nýi báturinn er af gerðinni Zodiac MKIV. Gamli báturinn, sem sveitin á, verður seldur til björgunarsveitar heimamanna í Reykhólasveit.



## Lætur af störfum

Forstjóri Reykjalundar, Björn Ástmundsson, hefur tilkynnt formönnum stjórnar Reykjalundar og SÍBS ákvörðun um að segja starfi sínu lausu. Hann mun hættu þann fyrsta febrúar á næsta ári. Björn hefur starfað í um 30 ár á Reykjalundi og á að baki afar farsælt starf.



TEXTURE

hárstofa

www.texture.is

HÁHOLT 23 - SÍMI 566 8500

## Mosfellingur kannaði aðstæður í Varmárskóla ásamt Bjarna húsverði



Bjarni Magnússon húsverður við inngang rýmisins þar sem eldurinn kviknaði.

# Bæli á lofti Varmárskóla

- Eldur kviknaði út frá hitablásara á loftinu
- Rýmið er ekki innangengt
- Læst rými með ónýtum lás
- Bjórdósir og fleiri ummerki um neyslu
- Íkveikja á sama stað fyrir sjö árum



Þorsteinn Sigvaldason deildarstjóri tæknideildar ásamt vettvangsstjóra

Í lok skóladags þann 15. september kom upp eldur í þaki Varmárskóla. Brunakerfi skólans gerði viðvart og greiðlega gekk að rýma skólann. Um 400 nemendur fóru út á þremur mínútum og má þar þakka snarræði starfsfólks og brunaæfingum sem haldnar eru reglulega.

Eldurinn kviknaði út frá hitablásara í rými fyrir ofan bókasafn yngri deildar. Í umræddu rými virðist sem óreglufólk hafi haldið til um tíma og hreiðrað um sig á lofti skólans. Þar mátti finna svampdýnur, stóla, hitablásara og bjórdósir svo eitthvað sé nefnt. Hitablásari hafði verið tengdur inn á rafmagnskerfi skólans og út frá honum hefur eldur komist í eina af dýnunum. Ekki er hægt að komast að rýminu

nema utanfrá og hefur rýmið ekkert verið notað síðustu árin. Erfiðlega gekk að komast að eldinum en allt tiltækt slökkvilið höfuðborgarinnar var kallað út. Enginn var talinn í hættu en nokkur skelfing greip um sig hjá börnunum þegar slökkvi- og sjúkrabílar komu hver á eftir öðrum á svæðið.

Bjarni Magnússon húsverður í Varmárskóla segir að róttækar ráðstafanir þurfi að gera svo svona lagad endurtaki sig ekki. Engan hafi grunað að óreglufólk hafi haft sama stað í húskynnum skólans. Málið er enn í rannsókn hjá lögreglu.

Eldur kom upp á sama stað fyrir sjö árum en þá var um íkveikju að ræða.

hilmar@mosfellingur.is



Hér hefur verið klifrað upp á þakið til að komast að bælinu að sögn Bjarna.



Rætt við lögregluna og farið yfir málið

# Það tók okkur 2 ár að finna draumalandið en aðeins 30 mínútur að fjármagna kaupin

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.

Það gerum við meðal annars með því að auðvelda Vörðufélögum lántöku á betri kjörum.



GÓTT FOLK (MCCANN)



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

410 4000 | [landsbanki.is](http://landsbanki.is)

Njóttu þess að vera í **Vörðunni**



## Nýjar á Texture

Þær Þórdís Díska og Ingibjörg Jóhanna eru nýjustu starfskraftarnir á Texture hártöf-unni. Vegna mikilla anna hefur starfsfólki fjölgað þar sem um því nemur nú á haustdögum. Eigendur stofunnar, frænkurnar Guðrún og Olga, eru nú nýkomnar frá Las Vegas þar sem þær hafa verið síðustu dagana að kynna sér nýjustu línarnir fyrir haustið. Það er því mikið líf og fjör í Háholtinu þessa dagana sem endranær.



## Kynning hjá Skógræktarfélaginu

Sunnudaginn 1. október næstkomandi verður haldin kynning á starfsemi Skógræktarfélags Mosfellsbæjar. Kynningin verður haldin í Hamrahlíð en það svæði er elsta svæði félagsins og er þar nú kominn myndarlegur skógur. Kynningin hefst kl. 10 og eru allir áhugasamir velkomnir. Hægt er að nálgast fleiri upplýsingar á heimasíðu félagsins [www.skogmos.is](http://www.skogmos.is)



## Hörður fær styrk fyrir reiðhöll

Hestamannafélagið Hörður hefur fengið úthlutað 25 milljón króna styrk frá landbúnaðar-ráðuneytinu til byggingar á fyrirhugaðri reiðhöll í bænum. Nefnd á vegum ráðuneytisins lauk nýverið störfum og í heild voru styrkir til hestafélaga um 330 milljónir. Í þessari reiðhöll Harðar verður gert ráð fyrir sérstakri aðstöðu fyrir þjálfun fatlaðra og samstarf verður á milli Harðar og Reykjalundar.

# Tengibrautin verður alltaf umhverfismál

Valdimar Leó Friðriksson þingmaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi fór mikinn í grein sem birtist í Morgunblaðinu 18. september s.l. Það vekur furðu að jafnmikill íþróttaáhugamaður og hann eigi svo erfitt með að sætta sig við úrslit og niðurstöðu að leik loknum, ef svo má að orði komast. Grein Valdimars ber svo glögglega merki vonbrigða og svekkelsis.

Allflestum er kunnugt um þann glæsilega árangur sem Vinstrihreyfingin grænt framboð náði um land allt í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Í Mosfellsbæ var þar engin undantekning á, með kröftugri baráttu var unninn glæstur sigur sem vakti athygli um land allt. Valdimar og Samfylkingin voru því miður mjög svo upptekin af því fyrir kosningar að koma þeim skilaboðum til kjósenda að atkvæði greitt Vinstri grænum yrði dautt og ómerkt. Sá orðrómur hefur nú endanlega verið kveðinn í kútinn, ekki bara í Mosfellsbæ heldur um land allt. Atkvæði greitt Vinstri grænum var ekki dauðara og ómerkara en það að flokkurinn hefur nú víðtæk áhrif um stjórn Mosfellsbæjar og á eftir að láta verulega til sín taka í þeim efnum.

Rangfærslur Valdimars vekja óneitanlega furðu, en verst er þó fyrir Valdimar og Samfylkinguna hvað í gegnum greinina skín hvaða flokk Samfylkingin og landsmenn allir reiða sig fyrst og síðast á í umhverfismálum. Að Valdimar skuli til að mynda bendla Vinstrihreyfinguna grænt framboð á landsvísi við þau mál sem eru að gerast í Mosfellsbæ segir þar meira en mörg orð.

Komum okkur þá að efninu. Um-rædd tengibraut í grein Valdimars inn í væntanlegt Helgafellshverfi var

frá upphafi samþykkt af öllum flokkum í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og það löngu áður en VG komst til valda í bæjarfélaginu, þetta veit Valdimar.

## Rangfærslur Valdimars

Tengibrautin gerir ekki ráð fyrir 20.000 bíla umferð á dag. Varmár-samtökin voru ekki stofnuð eingöngu vegna lagningar tengibrautarinnar. Vinstrihreyfingin grænt framboð hefur áður verið í meirihlutasamstarfi. Það kom hvergi nokkurstaðar fram í stefnumálum VG í Mosfellsbæ að flokkurinn stæði í vegi fyrir lagningu brautarinnar og að lokum; það logar ekki allt innan flokksins eins og Valdimar heldur fram og eflaust vonar. Aldrei nokkru sinni hafa verið jafn margir félagar í VG í Mosfellsbæ og aldrei hafa fleiri sótt reglulega fundi VG í Mosfellsbæ. Fjöldi rangfærslna hjá þingmanninum í einni grein er með ólíkindum.

## Á móti tengibrautinni

Undirritaður hefur aldrei leynt þeirri skoðun sinni, hvorki fyrir kosningar né eftir þær, að hann sé andvígur lagningu brautarinnar enda verður enginn íbúi Mosfellsbæjar jafn var við hana og undirritaður. Fyrirhuguð tengibraut er í aðeins 14 metra fjarlægð frá anddyri húss undirritaðs og það eitt, ásamt því að vera einn af kærendum, gerir undirritaðan vanhæfan til að taka þátt í umræðu um brautina á fundum bæjarstjórnar. Valdimar heldur því fram að sigur VG í Mosfellsbæ hafi unnist vegna andstöðu undirritaðs við brautina. Það er gott að hitta naglann svo vel á höfuðið og vinna glæstan sigur, en af hverju í ósköpunum tefldi þá Samfylkingin ekki andstöðu sinni við



Karl Tómasson

Forseti bæjarstjórnar og oddviti vinstri hreyfingarinnar græns framboðs

brautina fram fyrir kosningar? Hún þagði þunna hljóði og af hverju skyldi það hafa verið? Jú, fram að kosningum studdi Samfylkingin og oddviti hennar lagningu tengibrautarinnar og gæti verið að mótmælarraddir andstöðinga tengibrautarinnar hafi ekki verið orðnar nógu háværar til að Samfylkingin rankaði við sér í þessu máli eins og svo mörgum öðrum og færi að kynna sér það.

## Besta leiðin verður valin

Það er ekki þar með sagt, að þrátt fyrir að oddviti Vinstri grænna í Mosfellsbæ sé vanhæfur í umræðum bæjarstjórnar um tengibrautina, að flokkurinn vinni ekki hörðum höndum að því að landa bestu lausninni, bæði einn og sér og með samstarfsflokki sínum í bæjarstjórn. Því verki er ekki lokið. Góðir hlutir gerast hægt og gott samstarf byggist á trausti og málamiðlunum, ekki frekju og yfirgangi, því þá geta menn misstigið sig og þurft á hækjum að halda. Undirritaður vill ekki hafa tengibrautina við húsgafl sinn. Valdimar vill örugglega ekki hafa hana við húsgafl sinn og sennilega vill enginn íbúi í Áshverfinu eða í Mosfellsbæ hafa hana við húsgafl sinn, en einhverstaðar þarf hún að koma inn í Helgafellslendið og það hlýtur að verða besta lendingin, að sem flestir verði ánægðir og sem fæstir verði hennar varir. Hvar sem hún verður lögð þá verður hún alltaf umhverfismál, ekki bara í Álafossvos.

## Yfirlýsing frá Bryndísi Haraldsdóttur

Bryndís Haraldsdóttir, varaþingmaður, gefur kost á sér í 4.-5. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar.



Bryndís Haraldsdóttir er 29 ára gömul og starfar sem verkefnisstjóri Evrópuverkefna hjá Impru, nýsköpunarmiðstöð á Íðntækni-stofnun, en hún lauk B.Sc. gráðu í alþjóðamarkaðsfræði við Tækniskóla Íslands árið 2001. Bryndís býr í Mosfellsbæ ásamt eiginmanni sínum Örnólfi Örnólfsyni rafvirkjameistara og tveimur börnum.

„Ástæða þess að ég gef kost á mér er brennandi áhugi minn á að starfa að framgangi sjálfstæðisstefnunar þar sem frelsi einstaklingsins er í hávegum haft svo og jöfn tækifæri allra til að proska og nýta hæfileika sína“ segir Bryndís, „ég tel mikilvægt að Sjálfstæðisflokkurinn hljóti góða kosningu á komandi vori svo tryggt sé að Sjálfstæðisflokkurinn haldi áfram því mikilvæga starfi að tryggja öryggi og velferð íslensks þjóðfélags. Ég er tilbúin að leggja mitt af mörkum til að svo megi verða.“

Bryndíshefurveriðvaraþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi á yfirstandandi kjörtímabili og varabæjarfulltrúi í Mosfellsbæ frá árinu 2002. Hún var formaður atvinnu- og ferðamálanefndar á árunum 2002-2004 og hefur frá árinu 2004 setið í skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar. Enn fremur hefur Bryndís átt sæti í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík frá árinu 2004 og sat í framkvæmdastjórn Bandalags íslenskra sérskólanema á árunum 1999 og 2000. Þá var Bryndís formaður Viljans, félags ungra sjálfstæðismann í Mosfellsbæ, á árunum 2002-2006 og sat hún í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 2003-2005.

Frjálst og óháð bæjarblað - [www.mosfellingur.is](http://www.mosfellingur.is)



# Boltinn í beinni

Enski boltinn og meistaradeildin

Einstakt í Mosó!!! - Getum sýnt tvo leiki í einu

# BECK'S

kvöld

14. október

Dúettinn  
**HLJÓMUR**



Munið  
pizza  
tilboðin

Háholt 14 - S. 586 80 40

**Opið:**  
Mán.-fim.: 11-23  
Fös.-lau: 11-03  
Sun.: 11-23



## KB BANKI

Starfsfólk óskast til starfa við símaþjónustu KB banka

KB banki er ekki aðeins stærsti banki landsins heldur einn af 10 stærstu bönkum Norðurlanda. Bankinn veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagjáfresta og er leiðandi aðili á öllum helstu svðum íslensks fjármálamarkabar. KB banki starfar í 9 löndum auk Íslands. Hjá bankanum starfa um 2.560 manns, þar af 1.500 erlendis.

Laust er starf í símaþjónustu (á skiptiborði) KB banka. Vinnutími er frá kl. 9.00-17.00.

Óskað er eftir starfsfólki með góða þjónustulund, þægilegt viðmót, enskukunnáttu og almenna tölvukunnáttu.

Símaþjónustan er staðsett í útibúi bankans í Mosfellsbæ.

Upplýsingar gefur Jónas Hvannberg á starfsmannasviði í síma 444 6376, netfang: jonashv@kbbanki.is.

Umsóknarfrestur er til og með 9. október. Umsækjendur sækja um á [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is)



## Aðalfundur VG í Mosfellsbæ

2006 verður haldinn í Hlégarði mánudaginn 2. október og hefst kl. 18.

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Stjórnin.



## Tómstundaskólinn í Mosfellsbæ

Enska-Spænska-Ítalska-Tölvur-Silfursmíði-Þjóðbúningasamur-Konfektgerð-Brjóstsykursgerð

Skráning stendur yfir. S:6956694, 5668587

## Til sölu



Vorum að fá í einkasölu vel útbúið 1.432m<sup>2</sup> iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði í Mosfellsbæ til sölu og afhendingar strax (ath. leiga kemur til greina). Húsnæðið er nýlega klætt að hluta að utan, er vel við haldið, með 5,3-6 m. lofthæð og auðvelt að breyta hluta þess í 3-4 iðnaðarbil með innkeyrsludryum, sem yrði þá 765m<sup>2</sup> með milliloftum. Að auki er á jarðhæð 363m<sup>2</sup> fullinnréttað skrifstofuhúsnæði sem telur samtals 1.128m<sup>2</sup> með iðnaðarhlutanum að ógleymsdu 304m<sup>2</sup> skrifstofu- og kennslurými á efri hæð. Í húsinu eru niðurtekin loft m. innf. lýsingu, loftræstikerfi, dúkur á gólfum, öflugar tölvulagniri ofl. Næg bílastæði og prýðis útipláss. Verð tilboð (viðmið 90-95 þús.kr./m<sup>2</sup>).

Teikningar og allar nánari uppl. veitir Guðlaugur (gsm.896-0747).

**Eignin getur einnig verið til leigu í heild eða smærri einingum (iðnaðarbil: 197m<sup>2</sup>, 368m<sup>2</sup>, 200m<sup>2</sup> - skrifstofubíl; 363m<sup>2</sup>, 303m<sup>2</sup>).**

Fasteignasalan

**Tröð**



**Sími 511 2900**



## Styttist í nýjan verslunarkjarna

Verslunarhúsnæði Smáragarðs í Háholtinu er nú á lokastigi. Húsið er tæpir 4.000 fm<sup>2</sup> og er áætlað að verklok verði um mánaðamótin okt-nóv. Miklar vangaveltur hafa verið á kreiki hvaða verslanir munu verða í húsinu en nú er það nokkurnvegin komið á hreint. Í húsinu mun Mosfellsbakarí vera með starfsemi sína, matvöruverslun frá Kaupás, Hlín Blómahús, Innrömmun E.E.S. og leikfangaverslun svo eitthvað sé nefnt. Fleiri fyrirtæki eru væntanleg.



## Guðjón tannlæknir fluttur í Þverholt 3

Tannlæknirinn Guðjón S. Valgeirsson hefur flutt tannlæknastofuna sína úr Urðaholti yfir í Þverholt 3. Guðjón er búinn að koma sér vel fyrir á nýja staðnum og kveðst ánægður með breytt umhverfi.



## Þráðlaust net í Kjós

Hreppsnefnd Kjósarhrepps vinnur þessa dagana að því að koma á þráðlausu netsambandi í Kjós. Sveitarsjóður veitir tveimur milljónum króna til verkefnisins. Kjósverjar komast því von bráðar í samband við heim veraldarvefsins. Þá er hafinn undirbúningur á endurnýjun eldhúsis í Félagsgarði og hefjast framkvæmdir eftir þorablótið 2007. Borðbúnaður hússins hefur þegar verið endurbættur og verður gólf hússins lagað á næstu vikum.



Skjóttir og flottir á ferðinni



Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri



Formaður hestamannafélagsins, Marteinn Hjaltested, og Jónas Sigurðsson ræða málin

Hestamannafélagið Hörður bauð bæjarstjórninni og félögum í árlegan reiðtúr

# Reiðtúr með bæjarstjórninni



Ragnheiður og Högni Snær



Agla búið að beisla



Hreinn í Helgadal



Marteinn Magnússon



Karl og Marteinn búið að leggja á



Atli klár í slaginn



Siggi og Ásta á áningarstað



Lagt á ráðin fyrir brottför

## Klara Klængsdóttir þrjónaði og gaf á dögnum 16 pör af ullarsokkum Klara gefur vinnumönnum ullarsokka

Nú nálgast veturinn óðfluga með frostbiti á nefi og kali á tám. Klara Klængsdóttir, sem er flestum Mosfellinum að góðu kunn fyrir kennslu sína í Varmárskóla til margra ára, en býr nú á Dvalarheimilinu við Hlaðhamra, veitir virkilega hvernig best er að bregðast við vetrinum. Hún tók sig til og þrjónaði sextán pör af ullarsokkum nú á haustdögum handa vinnumönnum sem vinna við að reisa öryggisbúðir aldraðra við Hlaðhamra. Þegar því var lokið bauð hún þeim í kaffi og með því og afhenti þeim sokkana. Klara fékk ofnæmi í augum fyrir hespulopnum sem hún þrjónaði úr en hélt ótraud áfram og kláraði verkið enda féll það í þakklátan og góðan jarðveg. „Við erum hestánægðir með sokkana og efumst ekki um að þeir eigi eftir að koma sér vel í vetur“ sagði Þorleifur Sigurðsson byggingarstjóri hjá KS verktökum.



# Fimmta starfsár Kammerkórsins hafið



Vetrarstarf Kammerkórs Mosfellsbæjar hófst í byrjun september. Æfingar fara fram í Tónlistarskóla Mosfellsbæjar á miðvikudagskvöldum kl. 19:30 og aukæfingar eru haldnar síðasta laugardag hvers mánaðar.

Meðleikari kórsins er Arnhildur Valgarðsdóttir, raddþjálfun hefur verið í höndum Ásdísar Arnalds og kórstjóri er Símon H. Ívarsson.

Kórinn hefur flutt fjölbreytt kórverk frá ólíkum tímabilum og stíltegundum. Auk hefðbundinna kórverka eru sungnar áhugaverðar tónsmíðar sem vakið hafa athygli víða um heim. Leitast er við að hafa verkefnavalið sem fjölbreyttast.

Sungin eru lög allt frá endurreisnartímabilinu til dagsins í dag, gospel lög, afrísk lög, nútímalög, dægurlög og hvað eina sem vekur áhuga kórsins og veitir ánægju í söng. Einkum hafa lög frá Spáni verið áberandi hjá kórnum undanfarið.

Framundan eru spennandi og áhugaverð verkefni hjá Kammerkór Mosfellsbæjar. Í vetur verða á verkefnalista kórsins m.a. lög sem eru úr "Misa Flamenca" eftir flamenco-gítarleikarann Paco Pena, lög úr söngbókinni "Cancionero de Palacio", verk eftir Tedesco Castillo Nueva og verk úr "Ensaladas" eftir M.Flecha. Þá verð sungin lög frá flestum tímabilum tón-

listarsögunnar með áherslu á kórtónlist frá endurreisnartímabilinu. Í lok október syngur kórinn m.a. með Símfóníuhljómssveit Íslands ásamt öðrum kórnum í Mosfellsbæ, þar sem lögð er áhersla á lög eftir íslensk tónskáld, sem samin hafa verið við texta eftir Halldór Laxness.

Kammerkór Mosfellsbæjar getur bætt við áhugasömu söngfólki og þeir sem hafa áhuga á að syngja með hressu og skemmtilegu fólki, geta haft samband við kórstjórnann í síma 566-7634 eða 895-7634.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu kórsins sem er [simnet.is/kammerkormos](http://simnet.is/kammerkormos)



## Markaðurinn í Mosfellsdal

Hann er vinsæll markaðurinn í dalnum sem starfræktur á sumrin. Þar kennir ýmissa grasa, látum myndirnar tala sínu máli.



## Landsþing ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar haldið í Mosfellsbæ

Helgina 16.-17. september héldu Ungir jafnaðarmenn, ungliðahreyfing Samfylkingarinnar, sjöunda landsþing hreyfingarinnar í húsnæði Samfylkingarinnar í Þverholti og safnaðarheimili Lágafellskirkju. Þingið heppnaðist afar vel og fór fram kröftugt og mikið málefnavark um helgina þar sem þingfulltrúar skiptust á skoðunum. Ný forysta hreyfingarinnar var valin á þinginu. Formaður var kjörinn Magnús Már Guðmundsson, Reykjavík; varaformaður Valdís Anna Jónsdóttir, Akureyri og Tinna Mjöll Karlsdóttir, Sauðárkróki, var kjörin ritari.

Niðurstaða þingsins er að Ungir jafnaðarmenn er öflugt stjórnmálaafli sem stefnir að frjálslyndu og sanngjörnu samfélagi. Stóru málin hjá hreyfingunni eru forgangsriðun í þágu menntunar, aukin velferð þeirra sem minna mega sín en ójöfnuður og misskiptingin í íslensku samfélagi hefur stórlega aukist undanfarin ár, lýðræðis- og jafnréttismál, aðild að Evrópusambandinu og upptaka Evrunar, raunsæ umhverfisstefna þar sem náttúran nýtur vafans og að lokum manneskjuleg utanríkisstefna.



Frá hópavinnu

Af öðrum minni málum ef svo má að orði komast er hægt að nefna opnun bókhalds stjórnmalaflokka, aðskilnað ríkis og kirkju, fækkun ráðuneyta, landið eitt kjördæmi, afnám aldursákvæðis í lögum um ættleiðingar, tungumálakennsla fólks af erlendum uppruna verði eflað, færslu áfengiskaupaaldurs niður í 18 ár, atvinnuleyfi erlends vinnuafis verði bundið við einstaklinga en ekki viðkomandi vinnuveitanda eða fyrirtæki, endurvinnsla sorps, sjálfbær orkubúskapur, færsla framhaldsskóla og heilsugæslu yfir á sveitastjórnarstigið og faglegar ráðningar og heilbrigðari viðhorf gagnvart embættum líkt og seðlabankastjóra, sendiherra og hæstaréttardómara.

Baldur Ingi Ólafsson

## Tangó

Mánudaga  
Kl. 19:00



## Salsa

Miðvikudaga  
Kl. 19:00

## Maga- dans

Laugardaga  
Kl. 11:00



# ATORKA

mannrækt

566-8587 [www.man.is](http://www.man.is) 699-6684

Rope Yoga; Morgun-, síðdegis- kvöldtímar



## Þórsmerkurferð

Þriðjudaginn 19. september fór 10. bekkur í Lágafellsskóla í Þórsmörk með það í huga að losa alla streituna sem fylgdi því að byrja í skólanum. Við lögðum af stað klukkan 9:15 að staðartíma og komum í Þórsmörk rúmlega tvö. Ferðin gekk ágætlega fyrir

## BÓLFRÉTTIR

utan smá bið eftir rútom. Þegar við komum í Þórsmörk komum við okkur vel fyrir og allir fengu sér að borða. Svo var lagt af stað í göngutúr yfir Valafellið og svo löbbaðum við þaðan niður í Húsadal og svo heim í skála. Þegar við komum í skálann fengu allir sér kvöldmat og eftir það var smá frítími, þangað til kvöldvakan byrjaði klukkan 21:30, og þá byrjaði fjörið. Fyrst voru nokkrir leikir, og eftir það var sungið og trallað. Þegar kvöldvakan var búin var komið myrkur og þá hurfu allir út í skóg með vasaljós, og þeir svölu fóru að bregða stelpunum. Svo komu allir inn og fóru að sofa fljótlega eftir það.

Svo um morguninn voru allir vaknaðir klukkan 8:30, því að óprútnir einstaklingar tóku sig til og vöktu fólkið. Klukkan 9:30 var lagt af stað lengra inni Þórsmörk eða nánar tiltekið Bása, en þar var tekinn nettur göngutúr. Svo á leiðinni heim stoppuðum við í Stakkholtsgjá sem er eitt mesta náttúruundur Þórsmerkur, þó að það sé reyndar erfitt að dæma um það hvað er fallegast þarna. En svo á heimleiðinni var stoppað á Hvolsvelli til að eyða restinni af þingningum.

Komið var heim klukkan 3:15.

Þetta var massagóð ferð að mínu mati og þyrfti að fara í fleiri svona ferðir yfir skólatímann til að halda manni í góðum grí í skólanum.

Takk fyrir mig



ÓLAFUR RAGNAR

# Sögukornið



Kristinn Magnússon  
fjallar um fornleifar í Mosfellsbæ

## Álfar og huldufólk

Sagt er að Íslendingar trúu öðrum þjóðum fremur á álfa og huldufólk. Í hugum flestra, sem í dag trúa því að slíkar verur séu til, eru álfar og huldufólk fremur meinlausar verur. Þetta hefur þó ekki alltaf verið svo. Áður fyrr var talið mikilvægt að fara að öllu með gát í samskiptum við álfa og huldufólk. Þekktar eru þjóðsögur af heimsóknum huldufólks heim á bæi þegar messað var á jólanótt. Í slíkar messur fóru oftast allir af heimilinu nema ein manneskja sem skilin var eftir til að gæta bæjarins. Huldufólkið nýtti tækifærið meðan fólk var í messu og hélt veislu í bænum. Sá er bæjarins gætti mátti helst ekki láta huldufólkið sjá sig og alls ekki taka þátt í dansi þess og gleði. Gerði hann það var hann annaðhvort dauður eða vitskertur að morgni eða með öllu horfinn. Önnur hættu sem stafaði af álfum og huldufólki var sú að það sat um að ná í börn mennskra manna og láta örvasa karla og kerlingar í þeirra stað. Talið var að álfar ættu erfiðara með að nema skírð börn á brott og því mikilvægt að skíra börnin sem fyrst. Eftir að barn hafði tekið tennur átti því að vera nokkurn veginn óhætt. En það eru líka til margar sögur um góð samskipti manna og álfa og huldufólks. Huldufólk leitaði t.d. oft hjálpar mennskra manna þegar huldukonur gátu ekki fætt börn sín. Var slík aðstoð vel launuð og þar sem vinátta tókst með huldufólki og mennskum mönnum reyndist huldufólkið mönnum gott og hjálpsamt með afbrigðum.

Brátt mun ný íbúðarbyggð rísa í landi Helgafells. Á svæðinu sem til stendur að byggja á er strýtu-myndaður hól, mjög áberandi í landslaginu. Hóllinn heitir Sauðhóll. Þar er sagður bústaður álfa. Til er gömul saga sem höfð er eftir Hauki Níelssyni sem lengi var bóndi á Helgafelli. Samkvæmt sögunni hafði bóndinn á Helgafelli einhvern tíma verið að reka heim fé neðan úr Skammadal í austanbyl. Sá hann þá mann á undan sér sem einnig var



Sauðhóll er hægra megin á myndinni. Bæjarhúsin á Helgafelli sjást í baksýn vinstra megin.



Sauðhóll í landi Blikastaða

við fjárrekstur. Hvarf maðurinn fyrir Sauðhól en þegar bóndi kom sjálfur fyrir hólinn sást hvorki af honum tangur né tetur. Taldi bóndi víst að maðurinn hefði horfið inn í hólinn með allt féð en það voru víst sauðir. Var þarna því um huldumann að ræða en ekki mennskan mann. Við skipulagibúðarbyggðarinnari Helgafellslandi hefur verið tekið fullt tillit til Sauðhóls og mun hann standa innan um húsin í nýja hverfinu.

Í landi Helgafells er annar álfhóll. Hóllinn er kallaður Hjalmsur og stendur í brekkunni um 150 m norðnorðvestan við bæjarhúsin á Helgafelli. Hóllinn var áður kletthóll, þ.e. ber klöpp sem stóð upp úr túninu. Í gegnum tíðina mun mold hafa verið ekið að hólnum í töluverðu magni svo hann hefur sokkið mikið og er nú líkari litlum túnhól. Haukur Níelsson, sem áður er getið, kvadst hafa heyrt talað um það þegar hann var drengur að í Hjalmsi væri bústaður álfa. Var sagt að ekki mætti ærslast á eða við hólinn. Ekki þekkti Haukur aðrar frásagnir um hólinn.

Nafnið Sauðhóll er einnig til í Blikastaðalandi. Neðan og norðan við Úlfarsfell er ás eða hryggur, eins konar náttúrulegt framhald fellsins

niður á jafnsléttu. Á þessum ás, rétt neðan við Vesturlandsveginn, er kletthóll sem kallaður er Sauðhóll. Engar frásagnir sem beint tengjast sauðum eru þó til um þennan hól líkt og Sauðhól í Helgafellslandi. Engu að síður var hann talinn bústaður huldufólks. Hólnum er lýst sem lágum grasi vöxnum hól. Að ofanverðu, ofan á kollinum, sér í bera klöpp. Frásagnir eru til um að einhverju sinni hafi verið sprengt ofan af hólnum. Hóllinn er flatur að ofan og hallar bratt til norðurs, um 20 m langur og um 10 m á breidd yfir bunguna. Frá hólnum er mjög gott útsýni yfir Blikastaðaland og til vesturs og norðvesturs. Ekki eru sýnileg nein mannvirki á eða við Sauðhól en að sögn Helgu Magnúsdóttur, sem bjó alla sína ævi á Blikastöðum, var hóllinn talinn bústaður huldufólks og stundum fannst börnunum á Blikastöðum vera ljós í honum á kvöldin. Þegar Vesturlandsvegurinn var breikkaður var talin hættu á að hóllinn raskaðist af völdum vinnuvéla ef ekki yrði varlega farið. Hóllinn var því girtur af á meðan á framkvæmdum stóð og stendur því enn.

Kristinn Magnússon  
Fornleifafræðingur

## Dreymir þig um eigið húsnæði ?

— hafðu samband —

Einar Páll Kjærnested • Löggiltur fasteignasali

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: 586 8080  
www.fastmos.is

Þverholti 2 • Mosfellsbæ

# 40 ár frá stofnun tónlistarskóla í Mosfellsbæ

Hinn 1. október 1966 var að tilhlutan Tónlistarfélags Mosfellshrepps stofnaður tónlistarskóli undir nafninu Tónlistarskóli Mosfellshrepps. Aðdragandi stofnunarinnar var sá, að starfsemi skólahljómsveitar undir stjórn Birgis D. Sveinssonar hófst í Varmárskóla 1963 með kennslu á blásturshljóðfæri og slagverk fyrir drengi og haustið 1964 hófst gítarkennsla undir handleiðslu Gunnars H. Jónssonar fyrir stúlkur. Ólafur Vignir Albertsson hóf svo kennslu í píanóleik í Varmárskóla haustið 1965 og leiddi það til stofnunar tónlistarskóla. Með tilkomu skólans var sveitin sameinuð skólanum allt fram til ársins 1995, er hún varð sjálfstæð stofnun.

Fyrstu kennarar skólans voru auk skólastjórans, Ólafs Vignis Albertssonar, þeir Birgir D. Sveinsson, sem kenndi á málmblásturshljóðfæri; Gunnar H. Jónsson, gítarkennari og Jósef Magnússon, sem kenndi á blokkflautu og tónfræði.

Tónlistarfélag Mosfellshrepps, stofnað 1966, var fyrsti rekstraraðili skólans og hafði auk þess það markmið að standa fyrir tónleikum í Mosfellsveit.

Árið 1978 tók Mosfellshreppur við rekstri skólans og sérstök skólanefnd var skipuð af hálfu hreppsins, sem tók við af Tónlistarfélaginu. Þegar bæjarfélagið stækkaði og Mosfellshreppur varð að Mosfellsbæ árið 1987, varð



heiti skólans að sjálfsögðu Tónlistarskóli Mosfellsbæjar.

Fyrstu árin hafði skólinn aðsetur í Varmárskóla og síðan í Brúarlandshúsinu. Á þessum árum hafði skólinn auk þess tvö útibú, í Kjósarhreppi fram til ársins 1988 og á Kjalarnesi fram til 1995. Miklar breytingar urðu á starfsemi skólans árið 2000 þegar Mosfellsbær tók á leigu húsnæði í Háholti 14 fyrir starfsemi skólans.

Ólafur Vignir Albertsson gegndi starfi skólastjóra í 27 ár, en árið 1993 tók Herdís H. Oddsdóttir við starfi skólastjóra og gegndi því til ársins 2004.

Hinn 1. febrúar 2006 var gerð sú breyting á starfsemi tónlistarskólans, að stofnaður var Listaskóli Mosfellsbæjar. Við það varð tónlistarskóli Mosfellsbæjar að Listaskóla Mosfellsbæjar - tónlistardeild og auk þess var stofnuð fjöllistadeild, með því að gerðir voru samstarfssamningar við Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, Leikfélag Mosfellsveitar og Myndlistarskóla Mosfellsbæjar. Þessir aðilar vinna saman að öflugri listkennslu í sveitarfélaginu, svo og öflugri lista- og menningarstarfi. Skólastjóri Listaskóla Mosfellsbæjar er Atli Guðlaugsson.

Í tilefni af afmælinu verður efnt til nokkurra tónleika. Hinir fyrstu verða í Hlégarði á afmælisdaginn 1. október og koma þar fram bæði nemendur og kennarar skólans. Tónleikaröðinni lýkur svo laugardaginn 21. október, en þá verða tónleikar á vegum Tónlistarfélags Mosfellsbæjar, þar sem fram koma kórar bæjarins, Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og Símfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Kurt Kopecky og flytja m.a. nokkur lög við ljóð Halldórs Kiljan Laxness, sem Páll Pampichler Pálsson hefur fært í hljómsveitarbúning af þessu tilefni.

## Innbrotafaraldur



## LÖGREGLUFRÉTTIR

Í ágúst s.l. var brotist inn á sjö stöðum í Mosfellsbæ. Það er svo að hér, eins og víðar á höfuðborgarsvæðinu, er verið að leita eftir auðseljanlegum vörum eins og t.d. tölvum og rafmagnsverkferum. Í þessum innbrotum voru og unnin skemmdarverk

Þá gerðist það að í Fálkahöfða var unnið mikið skemmdarverk á einum míu bifreiðum. Þær voru meira og minna rispaðar, sennilega með grjóti eða öðrum hörðum hlut. Því miður hefur ekkert komið fram sem bendir til þeirra eða þess sem þarna var að verki.

Í september það sem af er hafa orðið sex innbrot og þar er það sama, mest er sóst eftir tölvum, myndavélum og verkferum - hlutum sem virðist auðvelt að koma í verð. Skólarnir hér hafa ekki sloppið undan þessum ágangi, og þaðan hefur verið stolið tölvum auk skemmdanna sem ávallt fylgja þessu. Það sem er ömurlegast við þetta er að sum af þessum innbrotum hafa átt sér stað að degi til, og því er það alltaf spurningin þessi: „Sá virkilega enginn til

ferða manna á þessum stöðum?“ Lögreglan fékk upplýsingar af einum vettvangi innbrots og er það mál til rannsóknar hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík.

Þá er skemmt að minnast þess að eldur kom upp í Varmárskóla sem er alveg skelfilegur verknaður, ef eldur hefði náð að breiðast út að einhverju ráði. Þarna má hrósa skólayfirvöldum fyrir að hafa æft krakkana í rýmingu skólans og þær æfingar gengu eftir. Þetta mál er í rannsókn hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík sem og öll önnur mál sem hér hefur verið getið.

### Of hraður akstur:


Það er óhugnanleg staðreynd að þrátt fyrir þessi hörmulegu slys sem urðu hér hjá okkur sem kostuðu þrjá aðila lífið þá virðist sem mörgum öku mönnum sé alveg sama.

Sem dæmi um þetta þá má benda á það að í september hafa verið teknir átta öku menn fyrir hraðabrot á leiðinni milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Þar af voru sex aðilar á yfir 100 km. hraða allt frá 113 km upp í 130 km hraða. Þetta er einfaldlega skelfileg staðreynd. Þá vil ég benda á það að við erum með fjölda gatna sem eru með 30 km hámarkshraða hér innanbæjar. Á og um þessar götur fara og eru börn á leið til og frá skóla eða að leik.

Þessu þurfum við öku menn að hlýta og sýna aðgæslu og það hlýtur að verða hrikaleg reynsla ef einhver verður valdur að slysi á barni sem kannski býr í næsta húsi. Ég vil og benda á það að öku menn geta átt von á því hvenær sem er að hraðamælingar fari fram á þessum götum. Þetta er eitt að því sem við munum snúa okkur að.



Hörður Jóhannesson  
aðalvarðstjóri



Á góðum bílum finnst engum hraðinn 60 vera mikill en við skulum athuga það að á þessum 30 km hraðagötum er ökuleyfissvipting fyrir að aka á 64 km hraða.


Með kveðju og ósk um farsæld í umferðinni

Kraftakarlinn Hjalti Úrsus lætur til sín taka hvar sem hann fer. Mosfellingur hitti kappann á förnum vegi.

## MOSFELLINGUR



Hjalti ásamt syni sínum á góðviðrisdegi í Mosfellsbæ



Hjalti fylgist með æfingafélaga sínum Jóni Páli Sigmarssyni

# Kerfisfræðingur, Kraftakarlar og Kvikmyndagerðamaður

Mosfellingurinn Hjalti Úrsus Árnason er flestum Íslendingum vel kunnugur. Hjalti hefur getið af sér gott orð í ýmskonar afraunum og er sannarlega einn af okkar helstu kraftakörlum. Hjalti byrjaði að láta að sér kveða í kraftlyftingum en fór svo að taka þátt í afraunakeppnum á innlendri sem erlendri grundu. Þá varð Hjalti fyrsti Íslendingurinn til þess að keppa í atvinnumannaboxi þar sem hann keppti í Bandaríkjunum. Á síðari árum hefur Hjalti staðið fyrir ýmsum keppnum hér heima fyrir eins og Vestfjarðarvíkingnum og keppninni um sterkasta mann Íslands. Þá hefur hann einnig staðið fyrir Fitness keppnum. Eitt helsta hugarfóstur Hjalta síðustu ár hefur verið heimildarkvikmynd um sterkasta manns heims, Jón Pál Sigmarsson. Hjalti og Jón Páll voru góðir vinir og ferðuðust saman um víða veröld til þess að taka þá í afraunum á sínum tíma. Kvikmyndin „Þetta er ekkert mál“ er nú til sýningar í bíósólum landsins og hefur hlotið afbrigðisdóma gagnrýnenda. Myndina gerði Hjalti ásamt Steingrími Þórðarsyni. Mosfellingur hitti Hjalta á förnum

vegi og lagði fyrir hann nokkrar spurningar.

**Hver er Hjalti Úrsus Árnason?**

Maður andans.

**Fjölskylduhagir?** Giftur Höllu Heimisdóttir og á fjögur börn.

**Menntun?** Kerfisfræðingur.

**Hvaðan kemur Úrsus nafnið?**

Líkamræktarstöðinni Jakabóli.

**Hvering líður þér í Mosfellsbæ?**

Draumabær, bestur á Íslandi.

**Hvenær kviknaði líkamsræktaráhuginn?**

Bruce Lee, „Í klóm Drekans“.

**Eftirminnilegustu sigrar á ferlinum?**

Fyrstur til að lyfta 1000 kg 1989.

**Skemmtilegasti æfingarfélaginn?**

Auðunn Jónsson og Jón Páll.

**Hvernig var að prófa fyrir sér í kvikmyndagerð?**

Ég var viss í mínu hjarta þrátt fyrir hrakspár annarra.

**Er myndin búin að vera lengi í bígerð?**

Rúm þrjú ár.

**Hvernig hafa móttökurnar verið?**

Framar björtustu vonum.

**Á að koma myndinni í dreifingu á erlendri grundu?**

Já, að sjálfsögðu!

**Hver eru helstu áhugamálin?** Fjöl-

skyldan, kraftasport, samfélagið og kvikmyndir.

**Besti maturinn? Lambakjöt Lífsmottó Úrsusar?** „Upplifa drauma sína, og ekki láta aðra segja sér hvað maður getur.“



Frá frumsýningu myndarinnar „Þetta er ekkert mál“






## Áskorun til bæjaryfirvalda

Nýlega gengu þær Þorbjörg Þorbjörnsdóttir og Þórhildur Halldórsdóttir á fund Ragnheiðar Ríkharðsdóttur bæjarstjóra fyrir hönd foreldra og afhentu henni áskorun þess efnis að bærinn taki upp greiðslur með börnum eftir að fæðingarorlofi lýkur og áður en leikskólavist hefst. Er þetta samsvarandi kerfi og Kópavogur tók upp

í haust. „Hugmyndin er sú að foreldrar fái ávísun sem fylgir barninu en foreldrar myndu ákveða hvernig yrði nýtt“ segir Ragnheiður „þetta yrði styrkur með barninu, sveitarfélagið væri ekki að greiða foreldrum fyrir að vera heima. Erindið verður tekið fyrir hjá bæjarráði og fer í skoðun við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.



## NÝTT BÓLRÁÐ

**Kosið var um nýtt Bólráð í Félagsmiðstöðinni Bólinu þann 14. september.**

Á myndinni má sjá nýja ráðið og eru frá vinstri: Ragnheiður Erla (Gagga) fulltrúi 8. bekkjar Varmárskóla, Hanna Lilja, annar fulltrúi 10. bekkjar í Lágafellsskóla, Birta, annar fulltrúi 10.

bekkjar í Varmárskóla, Haraldur Ari, annar fulltrúi 10. bekkjar í Varmárskóla, Gísli Már, annar fulltrúi 10. bekkjar í Lágafellsskóla og Stefanía, fulltrúi 9. bekkjar í Lágafellsskóla  
Fyrir framan sitja: Ragnheiður Erla, fulltrúi 9. bekkjar í Varmárskóla og Gestur, fulltrúi 8. bekkjar í Lágafellsskóla



## Réttarfréttir úr Kjósinni



Sunnudaginn 17. september var fyrsta lögrétt haldin í Hækingsdal í Kjós. Önnur lögrétt verður haldin sunnudaginn 8. október kl.16. Á meðfylgjandi mynd má sjá lengst til vinstri skipaðan réttarstjóra, Guðbrand Hannesson og marklýsingamennina, Hreiðar Grímsson og Helga Guðbrandsson.



## Sigsteinn Pálsson heimsins elsti Lionsmaður

Sigsteinn Pálsson á Blikastöðum er heimsins elsti Lionsmaður og hlaut á dögunum viðurkenningu fyrir mikið og gott starf innan hreyfingarinnar á löngum og góðum Lionsferli. Hann hefur uppfyllt væntingar Lionshreyfingarinnar og siðareglur og til að undirstrika þakklæti sitt við Sigstein sendi Jimmy Ross, alþjóðaforsæti frá Texas, honum viðurkenningu og fána fyrir hönd alþjóðahreyfingarinnar. Á myndinni má sjá þegar Sigsteinn tekur við viðurkenningunni.





## Dansað í Kvosinni

Margvísleg námskeið eru í boði um þessar mundir í Álafosskvos. Þar er Myndlistarskóli Mosfellsbæjar með starfsemi sína, en jafnframt Tótmundarskóli með kennslu í tungumálum, handverki o.fl. Meðal annars verður Hafliði Ragnarsson, okkar alþjóðlegi meistari í Mosfellsbakarí, með námskeið í konfektgerð. Mannræktin ATORKA er með aðsetur í Þrúðvangi en þar boðið upp á morgun-, síðdegis- og kvöldtíma (karlahópur) í Rope Yoga. Nú í byrjun október er að hefjast dansnámskeið. Hinir landsfrægu tangómeistarar Hany Hadaya og Bryndís Halldórsdóttir verða með námskeið í argentínskum tangó á mánudagskvöldum. Salsa og suðræn sveifla verður á miðvikudagskvöldum, en síðan mætir Íslandsmeistari í magadansi á laugardagsmorgnum og kennir þennan öfluga frjósemisdans. Reikna má því með að líf verði í Kvosinni sem aldrei fyrr.



Myndlistarsýning Steinunnar Marteinsdóttur í Listasal Mosfellsbæjar 23. sep. – 14. okt. 2006

## Lifandi land – lifandi vatn

Nú stendur yfir sýning á málverkum Steinunnar Marteinsdóttur í Listasal Mosfellsbæjar. Á sýningunni gefur að líta nýjustu málverk Steinunnar þar sem hún fjallar um land og náttúru. Steinunn nálgast náttúruna sem lifandi veru hlaðna vissri dulúð, náttúru sem á undir högg að sækja vegna síaukinna umsvifa mannsins og framkvæmdahroka. Hér er á ferðinni einstaklega næm sýning þar sem fegurð og töfrar landsins fá að leika lausum hala.

Fjöldi manns leit við á opnun sýningarinnar sl. laugardag í Listasal Mosfellsbæjar sem staðsettur er í



Bókasafni Mosfellsbæjar, Kjarna. Salurinn er opin á afgreiðslutímum safnsins: mánudaga – föstudaga kl. 12 – 19 og laugardaga kl. 12 – 15.



# Í eldhúsinu hjá Guðrúnu Mark

## Amerísk bláberjabaka

Guðrún Markúsdóttir, deildarstjóri miðstigs og upplýsingafultrúi Varmárskóla, sendir okkur uppskrift að ekta amerískri bláberjaböku að þessu sinni. „Ég er hérna með uppskrift af bláberjapæi eða bláberjaböku. Nú er berjatíminn í hámarki. Ég elska að liggja úti í góðu veðri og tína í nokkrar bökur. Þessa uppskrift fékk ég frá Rannveigu Tryggvadóttur, hún hélt matreiðslunámskeið í Reykjavík fyrir mörgum árum. Þessi baka er mjög vinsæl á mínu heimili, það er líka gott að eiga hana í frysti, eins geymi ég oft bláber í óskju í frysti og bý til bökur þó að berin séu ekki fersk. Bakan er borin fram með vanilluís eða þeyttum rjóma. Það er líka gott að nota rífsber í þessa böku.“

100 g smjör  
1 ½ bolli rasp (ókryddað)  
¼ bolli hakkaðar valhnetur  
¼ bolli sykur  
Smjórið brætt, öllu blandað saman við, sett í eldfast mót.  
Geyma eins og 2 msk. af bökubotninum og mylja það ofan á bökuna í lokin til skrauts.  
Bakað í 10 mín. í miðjum ofni á 200°C.  
Kælt.

250 g rjómaostur  
2 eggjarauður  
½ bolli sýrður rjómi  
1 bolli sykur

2 bollar bláber  
Rjómaostur blandaður rauðum, þeytt saman.  
Sýrðum rjóma, sykri, bláberjum blandað saman við.  
Sett á bökubotninn.  
Kælt í ísskáp þar til að kremið er aðeins búið að taka sig.

Marengs settur yfir í lokin.  
2 eggjahvítur  
2 msk. sykur, stíftþeytt saman  
2 msk. valhnetur sett út í marengsinn.  
Marengsinn settur yfir kremið og bakað í 10 mín. á 200°C.



Kælt og síðan fryst í a.m.k. 2 – 3 tíma. Tekið út rúmum klukkutíma áður en borið er fram.



Opnum virka daga kl 7:00





Strákrarnir að lokinni æfingu. Þeim er spáð 1. sæti í 1. deild í árlegri spá fyrir tímabilið.

**LEIKUR Í KVÖLD**  
Föstudagur 29. sept.



## Frábær þátttaka á styrktarmóti

Opna Ecco-styrktarmótið var haldið sunnudaginn 17. september síðastliðinn á Hlíðarvelli. Allur ágóði af mótinu rann til Magnúsar Lárussonar, Heiðars Davíðs Bragasonar og Sigurpáls Geirs Sveinssonar afburðakylfinnga golfklúbbsins Kjalar. Alls tóku 142 keppendur þátt í mótinu og fengu keppendur að spreyta sig á 14 holum og þar af voru fimm holur sem eru hluti af nýja velliinum. Sigurvegarar mótsins voru þeir Grétar Örn Marteinsson GKJ og Ívar S. Kristinsson GKJ.

Bjarki Sigurðsson þjálfari Aftureldingar tekinn tali

# „Frumskilyrði að fara upp um deild“

Nú er handboltavertíðin að fara í gang eftir sumarfrí. Meistaraflokkur Aftureldingar spilar í 1. deild í vetur og samkvæmt árlegri spá formanna, þjálfara og fyrirliða er Aftureldingu spáð fyrsta sæti í deildinni. Þjálfari Aftureldingar, Bjarki Sigurðsson, segir markmið liðsins í vetur að komast upp í DHL-deildina. „Að fara upp um deild er frumskilyrði, hinsvegar vitum við vel að til þess að það takist verða allir að leggjast á eitt og sýna sitt rétta andlit inni á vellinum og spila sem liðsheild. Ég tel það alveg raunhæfan möguleika, margir drengjanna eru þegar búnir að fá eldskírni á meðal þeirra bestu og svo eru ungir drengir að koma upp hjá félaginu,” sagði Bjarki. Hópurinn í vetur samanstendur af 18-24 leikmönnum og eru margir hverjir ennþá gjaldgengnir í 2. flokk karla. Þá eru einnig þrír drengir úr 3. flokki sem æfa með meistaraflokki. Bjarki segir að vel geti gerst að ungu drengirnir fá að spreyta sig í vetur

sýni þeir framfarir og stundvísi.

Afturelding hefur fengið til sín tvo nýja leikmenn, Lárus Jónsson og Davíð Ágústsson. Lárus kemur til með að vera fyrirliði liðsins í vetur og er ætlað það hlutverk að binda saman vörminna. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum eru þeir Ernir Hrafn Arnarson, Einar Ingi Hrafnsson, Alex Kuzmin og Guðmundur Hrafnkels-son farnir frá félaginu.

Aðstoðarmaður Bjarka í vetur er hornamaðurinn knái og fráfarandi fyrirliði, Hilmar Stefánsson en hann kemur einnig til með að spila með liðinu í vetur.

Hópurinn er vel stemmdur fyrir fyrsta leik og mikil tilhlökkun á meðal leikmanna. Bjarki vill sjá Mosfellinga fjölmenna á völinn í vetur og taka virkan þátt í að hvetja strákana áfram. „Það sem kemur til með að veða sem áttundi maðurinn hjá okkur inni á vellinum eru áhorfendur og áhangendur UMFA. Undanfarin ár hefur verið

## Uppskeruhátíð Aftureldingar

Laugardaginn 30. september

Íþróttahúsinu að Varmá



**Kl. 11:00 Íþróttahátíð fyrir 10 ára og yngri**  
Öll börn sem skráð voru iðkendur í deildum félagsins 2005-2006 fá veglega gjöf fyrir þátttöku í íþróttum Sváli og íþróttanammi fyrir alla - Leikir og fjör

**Kl. 15:00 Verðlaunaafhending fyrir 11 ára og eldri**  
Verðlaunaafhending í öllum deildum. Íþróttamaður og íþróttakona Aftureldingar krýnd Kaffiveitingar

**Kl. 16:30 Sérstök kynning á íþróttum fyrir 9. bekk**  
Bob Gillan og Ztrandverðirnir spila Kynningar á íþróttum sem í boði eru Unnið í tengslum við verkefnið Forvarnardagurinn 2006

Aðalstjórn Aftureldingar

lítil aðsókn á okkar heimaleiki en vonandi verður viðsnúningur á því nú í vetur „ekki veitir af að fá fólk til að styðja við bakið á strákunum.“ Mosfellingur hvetur alla bæjarbúa til þess að koma á völinn og má þess geta að allir heimaleikir koma til með að vera spilaðir í gamla salnum að Varmá.

**Heimaleikir Aftureldingar í vetur**  
Afturelding - FH 29. sept.  
Föstudagskvöld kl. 19.00  
Afturelding - Haukar 26. okt.  
Afturelding - Höttur 14. okt.



## Tískufatnaður!

Langar þig til að klæðast fallegum fatnaði, eignast meiri pening og vinna í skemmtilegu andrúmslofti?

**Friendtex leitar að góðu og brosmildu fólki til að selja Friendtex fatnað.**  
Það er undir þér komið hversu miklum tíma þú vilt eyða í að selja fatnaðinn.

Hafir þú áhuga  
hafðu samband í síma:  
**568 2870 eða 691 0808**

## Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna  
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241  
namo@namo.is



# STEINDI JR.

SÉR UM ALT FYRIBUNGA FÓLKID

Mosfellingi lék forvitni á að vita hverjir væru heitustu karlmennirnir í bænum að mati bæjarstjórans. Ragnheiður Ríkharðsdóttir tók vel í hugmyndina og var ekki lengi að búa til listann.

# 5 HEITUSTU KARLMENNIRNIR Í MOSÓ - að mati bæjarstjórans

Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri



## FLOTTASTUR

### Daði Runólfsson

„Að sjálfsgöðu er hann Daði flottastur“ sagði bæjarstjórinn, enda vill svo skemmtilega til að Daði býr í sama húsi og Ragnheiður. Daði getur verið algjör spaði og á svo sannarlega titilinn skilið.



## TÖFFARINN

### Gísli í Dalsgarði

EKKI skrítyð enda er Gísli baðaður í rósum frá morgni til kvölds. „Algjör töffari“ sagði Ragnheiður um Gísla og get ég alveg tekið undir það. Rósa-bóndinn kann sko aldeilis að höfða til kvenfólksins, ekki sanngarnt fyrir okkur hina.



## SJARMURINN

### Nonni í Dalsgarði

Það er ekki skrítyð að Nonni sé á listanum enda bróðir rósa-bóndans. Það er greinilegt að vatnið rennur tært í dalnum og er útlitið eftir því. Glerlistar-maðurinn lætur sig hvergi vanta og er „sjarmur Mosfellsbæjar“ að sögn bæjarstjórans. Glerið er alltaf beitt og er Nonni funheitur þegar hann dustar af dansskónum.



## SÆTASTUR

### Hilmar Gunnarsson

Að mati Ragnheiðar er Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellinga, „sætasti“ karlmaðurinn í bænum. Hilmar sem er betur þekktur sem Himmi Gunn eða H.G. getur verið óstöðvandi þegar hann lætur gel í hárið og fer í einn ljósatíma. Jói Fel hvað? Stelpur ATH! Hilmar er á lausu og er alltaf til.



## GLÆSTUR

### Einar Ingi

Sem fulltrúi ungu kynslóðarinnar á Einar Ingi sæti á listanum enda vel af manni gerður. Að mati Ragnheiðar er Einar „glæstastur“ manna í Mosfellsbæ og er hann eflast mjög sáttur við titilinn ef ég þekki hann rétt. „Glæsilegur í alla staði og stöð sig vel í handboltanum í vetur“ sagði bæjarstjórinn um kútinn. Til hamingju Einar.

Mosinn kíkta í vínúðina fyrir stuttu og athugaði hvað unga fólkid í Mosó kaupir sér fyrir djammid. Þær Sædis og Alda, starfsmenn í Vínúðinni í Kjarnanum, voru mjög hjálplegar og skoðuðu málið með bládamanni Mosfellinga.



Sædis og Alda Hjálplegar í Vínúðinni

## HVAÐ DREKKUR UNGA FÓLKID?



Moselland ArsVitis Hvítvínid sem allar stelpur eru æstar í



Breezerinn Sykurleðja sem aðeins stelpur fíla

### STELPUR á aldrinum 20-35 ára

Stelpurnar eru mest í gosblönduðum drykkjum og sætu hvítvíni. Þær hljóta að vera með öðruvísi bragðlauka en við strákarnir því þessar gosblönduð sykurleður eru ekki ketti bjóðandi. Það væri kannski allt vínið þitt og rakspíraglasid þitt líka, annars ekki. Aftur á móti er hvítvínið í góðu lagi og eru stelpurnar í Mosó duglegar í að refsa flöskunni um helgar.

### STRÁKAR á aldrinum 20-35 ára

Strákarnir í Mosó eru algjör andstæða við stelpurnar þegar það kemur að vínkaupum. Það kemur ekkert annað til greina en bjór og snafs og yfirleitt heldur ekkert verra en ölvæðri en stelpurnar. Það er að æla á sig, með neftóbakstutlu hangandi í nefinu og gosblandaðan öl í hönd. En strákar, í guðanna bænum, farið varlega í snafsíð, það er ekkert verra en þegar félaginn neitar að vakna þegar á hólminn er komið.



Tópas strákarnir verða yfirleitt haugar af þessu



Egils Gull Einfaldlega besti bjórinn, áfram strákar!!!

## Á RÖNGUM STAÐ Á RÖNGUM TÍMA

Fólk er fífl. Sumt fólk er bara hreinlega fífl. F-í-B-L! Það gerðist hérna á aðfaranótt föstudagsins fyrir viku að við félagarnir skelltum okkur á bjórkvöld á Klúbbnum í Grafarvogi. Við vorum þrír svo að við Eftir bjórkvöldið keyrðum við upp í Mosó, ég og Robbi stukkum út á hringtorginu hjá Skelja-sáum einhvern löggugólt hlaupa framhjá en sem tók ekki eftir okkur. Á eftir honum íklæddur ógeðslegum samfestingi. Um leið og hann tók eftir okkur öskraði hann á okkur: „Leggist á jörðina!“ Robbi spurði hann hvort hann væri með lögregluskírteini en um leið og hann sleppti orðinu: BÚMM! 3 kg. vasaljós beint á stuðinn.



Sprungin vör, 3 lausar tenpur og 5 spor saumuð, bæði innaná vörinni og utaná. Þessu fylgdi síðan heilahristingur og briggja daga hausverkur. Strax á eftir vorum við handteknir vegna gruns um innbrot, sem var víst bara tvær stelpur sem höfðu verið að príla upp á Lágafellsskóla. Hvað er það að einhver dúddi úti í bæ, skipi sjálfan sig löngu og lemji fólk með vasajósi, bara af því að honum datt í hug að það hefðu verið við se brutumst inn? Veruleikafirrt lið hægast sagt. Maður veit ekki hvað gengur á í hausnum á þessu fólk. Þessi náungi er örugglega atvinnulaus, hefur ekkert betra að gera en



að sofa á daginn, vaka á næturnar og látast vera lögga, líklega löngu orðin heilapveginn af þáttum á borð við Shield og 24. Heldur svo að hann sé að gera samfélaginu stóran greiða með öllum þessum hetjulátum. Kæmi mér ekki á óvart ef hann væri með mynd af Steven Seagal á náttborðinu sínu. Eitt sem mér finnst skrítið líka er að löggan skuli hafa handtekið okkur með látum, látið okkur dúsa inni í bílum, með handjárnin hert, hraunandi yfir mann og síðan hennt okkur bara út fyrir utan skólann. Illa séð!!! Löggan á Íslandi á það til að misnota vald sitt hrikalega. Kann ekki við það... Prándur kveður að sinni, veltandi því fyrir sér hvort hann eigi að gerast lögga svo að hann geti löglega niðst á unglungum bæjarins.

# Slæææ fyrir Bæ-inn

Þar sem ég elska Mosfellinga og leyfi mér að lifa í þeirri trú að sú ást sé gagnkvæm ákvað ég að gefa aðeins til baka. Eftir að hafa látið bæjarbúa lesa vitleysuna eftir mig undanfarin ár ákvað ég að fara yfir á alvarlegu nóturnar! Gera verðkönnun á Þjóðarrétti Íslendinga, pullu og lítili kók í gleri...

Næst var komið við í Grillnesti. Þar fékk maður að sýna hversu mikill heimsborgari maður er þegar meistari Lowell tók á móti mér... „Jess æ vill hef vonn pulsa takk“.  
**Verð kr. 350,-**

Þegar komið var á Olís var Slææ-Maðurinn orðinn frekar tæpur á pulsuátinu, en hvað gerir maður ekki fyrir bæjarbúa?  
**Verð kr. 324,-**

Ég skal bara taka það á mig. Myndin fyrir utan Bónusvideó er bara pósa. Ég gat ekki étíð fleiri pullur. Sorry! En ég efast ekki um að þær séu ljúfengar þar og treysti á bæjarbúa að sannreyna það.  
**Verð kr. 345,-**

Eins og á Olís eru pullurnar á Essó grillaðar. Slææ og Maggi ljósmyndari voru sammála um það að soðnar pulsar væru keppnis en ekki grillaðar eða pönnusteiktar. Engu að síður ódýrasti pulsubarinn í bænum.  
**Verð kr. 319,-**

Niðurstaða verðkönnunarinnar er sem sagt sú að pullu og lítil í gleri eru orðin alltof dýr munaður. Það sem er jafnvel mikilvægara við niðurstöður þessarar rannsóknar er að ekki er ráðlegt að fá sér mikið meira en tvær pullur í einu, sérlega ekki þegar þú ert á leiðinni á handboltaæfingu... Lengi lifi Mosó!



## Krikahverfið rís




Þórður Ásmundsson sést hér í húsinu sínu í Krikahverfi. Húsin fara nú að rísa hvert af öðru en eins og sjá má á myndunum er Þórður með fyrstu mönnum.



Fyrst var ferðinni heitið í Snæland. Blíðlegar voru móttökunar en vældi í veskinu þegar kom að því að greiða fyrir vöruna.  
**Verð kr. 350,-**



Þegar komið var á Olís var Slææ-Maðurinn orðinn frekar tæpur á pulsuátinu, en hvað gerir maður ekki fyrir bæjarbúa?  
**Verð kr. 324,-**



Ég skal bara taka það á mig. Myndin fyrir utan Bónusvideó er bara pósa. Ég gat ekki étíð fleiri pullur. Sorry! En ég efast ekki um að þær séu ljúfengar þar og treysti á bæjarbúa að sannreyna það.  
**Verð kr. 345,-**



Eins og á Olís eru pullurnar á Essó grillaðar. Slææ og Maggi ljósmyndari voru sammála um það að soðnar pulsar væru keppnis en ekki grillaðar eða pönnusteiktar. Engu að síður ódýrasti pulsubarinn í bænum.  
**Verð kr. 319,-**

# Opið

## allan sólarhringinn

Við erum við Esso stöðina Háholti í Mosfellbæ, Reykjavíkurvegi Haf. og í Bæjarlind Kóp. - miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bíln sinn! - Sími 544 4540

# Alvöru sveitakrá

## Opið öll kvöld

Lifandi tónlist um helgina

# SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hver er frægastur í GSM  
símaskránni þinni?



**KRISTJÓN** Vigdís  
Finnbogadóttir



**GUÐBJÖRG** Auðunn Hilmars  
maðurinn minn



**MALÍK**  
Silvía Nótt



**RAGNHEIÐUR**  
Páll Óskar



**BJÖRG** Mæja pæja  
systir mín



**AXEL LÁR** Lárus Rúnar  
fótboltþjálfari




Októ og Mundi í stuði



Líkur sækir líkan...



Klár í slágin



Of margir drykkir???



Ívan er nördið okkar



Óli súkkulaði



Allir eru í fínu formi



Alltaf sætar



Gígja og Guðmar nýgift

## HVERJIR VORU HVAR ?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Haukur og Elli á rúntinum



Atli og Sjonni á rallinu



Brosa brosa



Stebbi og Palli í sínu finasta



Slakir á kantinum



Guðný og Berglind



Halló, hvar er party???



Da real Gangsta's



Bjöggi góður



Próttur



Briet Sunna



Til hamingju með afmælið



Halinn hress



Geir Jón með Beggunum



Óli Lokbrá



Hey kanína... komdu í party



Míst, Eiður og Dísa



Allt í steik

## TVÍFARAR



**KLARA OG HEATHER**



Það er hálf óhugnanlegt hvað Klara Kristjánsdóttir og Heather Locklear eru líkar. Það kannast flestir við Heather Locklear úr gömlu dramabáttunum Melrose Place. Ef Heather fengi skyndikveisu og gæti ekki mætt til vinnu þá gæti Klara auðveldlega hlaupið í skarðið fyrir hana.



## SÖNGVARARNIR GEIR ÓLAFS OG SVANNI EINARS LANGFLOTTASTIR



# ENGAN FJÖLPÓST MOSFELLINGUR

UNDANTEKINN



## SMÁAUGLÝSINGAR

### Subaru til sölu

Til sölu Subaru Impresa Wagon 4x4 sjsk.  
Skr. dags 11/03 ekin 50 þ.  
Sumar- og vetrardekk á felgum,  
dráttarkrókur. Verð kr. 1.500.000,-  
Sími 663-4988.



## Nýtt gervigras tilbúið



Þorsteinn Sigvaldason  
ásamt Ístaks-mönnum

## Akratúnið rúllað



Mummi á Reykjum  
í heyskap

# PIZZA MÁNAÐARINS

## napoli

Skinka, sveppir, paprika og hvítlaukur

12" - 999 kr. 16" - 1299 kr.





Bestu pizzurnar í bænum

ÞVERHOLT 2 - KJARNI

# MOSFELLINGUR



Kjarna  
Þverholti 2  
Sími: 534 3424



## Golfarar af guðsnáð



Haukur og Hafsteinn



Haraldur Sverrisson spáir í spilin

Hið árlega bæjarstjórnargolf fór fram fyrir skömmu og um leið voru vígðar nýjar brautir sem verða hluti af 18 holu golfvelli sem er í bigerð. Frá hægri á myndinni má sjá Heiðar Davíð, Karl, Gísli, Steinn, Jónas og Skúli.

Mynd: Hilmarr



### Æsustaðir

Nýtt í sölu. 120 fm. einbýli með stórum sólpalli með skjólveggjum. Stórt eignarland 0,6 hektarar. Kjöríð fyrir hestafólk og þá sem kjósa sveitalífið. Spannandi tækifæri fyrir athafnafólk. Úr Mosfellsdal (frá Mosó) er beygt til hægri inn á Dalgarðsafleggjara/merkt Æsustaðir, og þar innst er einbýlið Æsustaðir 2. Tilboð óskast



Sími:  
**588 55 30**  
Opíð virka daga frá kl. 9-18  
Netfang: [berg@berg.is](mailto:berg@berg.is) • [www.berg.is](http://www.berg.is)  
Pétur Pétursson  
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



### Reykjamelur

Vandað og vel byggt 216 fm. einbýli á tveimur hæðum á einum fallegasta stað í Mosfellsbæ. Húsið stendur á lóð við Varmá, umvafið gróðri. Stór lóð. Eign í algjörum sérflokki. Óskað er eftir tilboðum í eignina.



### Fálkahöfði

Prastarhöfði. Laus strax. Falleg 140 fm íbúð með sér inngangi í nýju og fallegu fjórþýli. Baðh. flísalagt í hólf og gólf. Hornbaðkar. Vandaðir eikar skápar og hurðir. Eldhús með L-laga innréttingu. Eldhúseyja með háfi. Niðurlímt gegnheilt eikarparket á gólfum. Flísar á forstofu. Stórar svali. Hagstætt áhv.lán V. 35,5 m.



### Litlikrika

Vorum að fá í sölu glæsilegt tveggja hæða rúmlega 330 fm. einbýli með innbyggðum tvíbreiðum bílskúr og möguleika á tveimur íbúðum við Litlikrika í Mosfellsbæ. Nánari uppl. á skrifstofu.



### Háholt - Í hjarta bæjarins

Vorum að fá í sölu glæsilegar íbúðir í hjarta Mosfellsbæjar. Íbúðirnar eru með vönduðum innréttingum og gólfefnum úr eik. Baðherbergi flísalögð í hólf og gólf. Baðkar og sturtuklefi. Hellulagðar veröndir fyrir þrjá íbúðir. Um er að ræða eina stúdíó íbúð, tvær 4ra-5 herb.



### Lágholt

Mjög fallegt 200 fm einbýlishús með glæsilegum sólskála með arni og verðlaunagarði. Nýlegt eldhús. Flísar á eldhúsi og stofu. Gestasnyrting og gott baðherbergi. Góð lofthæð í stofu. 4. svefnh. Þetta er hugguleg eign við rólega götu. Skóli, íþróttastaða og hestavöllur í göngufæri.



### Lindarbyggð

Mjög glæsilegt parhús við Lindarbyggð. 182 fm. á einni hæð. Vandaðar innréttingar. Mikil lofthæð. Stór og björt stofa. Hellulagt bílappan og gangstígar. Flottur frágangur. Eignin stendur í lokaðri götu í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar.

Berg fasteignasala stofnuð 1989

[mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is) - [www.mosfellingur.is](http://www.mosfellingur.is)